



Borgarráð

Austurhöfn - samkomulag um gatnagerð við Faxaflóahafnir sf. vegna fyrirhugaðrar Bryggjugötu.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag Faxaflóahafna sf. og Reykjavíkurborgar um gatnagerð vegna fyrirhugaðrar Bryggjugötu og gangstétt og hjólastíg meðfram Geirsgötu.

Greinargerð.

Unnið hefur verið að undanförunu að tillögugerð að útfærslu fyrirhugaðrar Bryggjugötu við Austurhöfn, göngustíg að Hörpu og göngu- og hjólastíg meðfram Geirsgötu. Tillagan er unnin í samráði við Faxaflóahafnir og húsfélagið og lóðarhafa að Austurbakka 2.

Gata þessi á að liggja frá Geirsgötu meðfram lóðinni Austurbakki 2 og er m.a. aðkoma að fasteignunum Bryggjugata 2-4 og 6-8 og að sameiginlegum bílakjallara fyrir húsin á Austurbakka 2. Í framhaldi af götunni verður lagður göngustígur að Hörpu. Gatan er að mestu á landi hafnarinnar og utan lóðarmarka.

Samkvæmt samkomulaginu mun Reykjavíkurborg kosta að mestu við framkvæmdir utan lóðarmarka Austurbakka 2 og sjá um viðhald og þrif götunnar.

Á fjárhagsáætlun eru 100 millj. kr. fjárveiting til gatnagerðarinnar og 50 millj. kr. vegna frágangs við Geirsgötu.

Samkomulagið er fylgiskjal með tillögu þessari. Yfirlitsmyndir, snið og breytt hafnarmörk eru fylgiskjöl með samkomulaginu. Staðfesting lóðarhafa á fyrirkomulagi götunnar og umhverfis hennar liggur fyrir.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samkomulag um gatnagerð við Faxaflóahafnir sf. vegna fyrirhugaðrar Bryggjugötu.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Faxaflóahafnir sf., kt. 530269-7529, hér eftir nefnd höfnin, gera með sér svofellt

samkomulag um gatnagerð vegna fyrirhugaðrar Bryggjugötu og frágangs næst götunni.

1. gr.

Samkomulag þetta nær til svæðis sem er afmarkað á meðfylgjandi uppdrætti á fylgiskjali nr. 1 og frágangs á fyrirhugaðri Bryggjugötu og svæðis milli götunnar og viðlegunnar við Austurbakka utan lóðarinnar Austurbakki 2.

Ennfremur er sýnt á fylgiskjali nr. 1 fyrirhugaður frágangur innan lóðarmarka lóðarhlutanna Bryggjugata 2-4 og 6-8, sem eru hlutar af lóðinni Austurbakki 2.

Aðilar eru sammála um að útfærsla og gerð Bryggjugötu og nágrennis hennar skuli vera í samræmi við fyrirliggjandi tillögu Landslags ehf., dags. apríl 2019, sem er fylgiskjal nr. 1 með samkomulagi þessu.

2. gr.

Hin fyrirhugaða gata er að mestu leyti innan skilgreindra hafnarmarka, sbr. uppdrátt á fylgiskjali nr. 1. Höfnin leggur til landsvæði þetta undir götuna án sérstaks endurgjalds.

Reykjavíkurborg mun kosta gatnagerðina og frágang hennar að nýjum hafnarmörkum og einnig þann hluta fyrirhugaðs göngustígs frá Bryggjugötu 6-8 og að Hörpu sem verður utan lóðarinnar Austurbakki 2.

Kostnaður við lýsingu við götuna og hafnarmörkin að Hörpu og nýtt regnvatnkerfi fyrir Austurbakka og Bryggjugötu skiptist jafnt á milli Reykjavíkurborgar og hafnarinnar.

Höfnin kostar lokanir/hlið af Bryggjugötu og inn á hafnarsvæðið.

Lóðarhafar Austurbakka 2/Húsfélagið Austurbakki 2 munu kosta frágang innan lóðarmarka, s.s. gönguleið innan lóðarmarka frá Geirsgötu og að rampa við Hörpu, innkeyrslu í bílakjallara, aðkeyrslu að hóteli og pall við hótelið. Hluti göngustígs við Bryggjugötu 6-8 er utan lóðar.

Reykjavíkurborg mun annast undirbúning, hönnun, framkvæmdir og fullnaðarfrágang gatnammavirkja, s.s. götunnar og þann hluta gangstéttar sem verður utan lóðar Austurhafnar, sbr. fylgiskjal nr. 1.

Höfnin annast samskipti við Veitur vegna hönnunar og framkvæmda fyrirhugaðrar spennistöðvar við Faxagarð og lagna að henni.

Samráð skal haft við höfnina og lóðarhafa að Austurbakka 2 um hönnun og framkvæmdir. Gera skal sameiginlega tímaáætlun um frágang götunnar, gangstétta og frágang húsanna og lóðar.

3. gr.

Reykjavíkurborg áformar ennfremur að endurbyggja í þessum áfanga gangstétt og leggja hjólastíg meðfram Geirsgötu að norðanverðu frá Bryggjugötu að að innkeyrslu að Miðbakka austan lóðarinnar Geirsgata 11, sbr. fylgiskjal nr. 2. Svæði þetta er innan hafnarmarka. Reykjavíkurborg mun annast og kosta framkvæmdir þessar. Faxaflóahafnir leggja til land fyrir þessa stíga án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Reykjavíkurborg skal annast viðhald og rekstur Bryggjugötunnar, gangstétta og hjólastígs utan lóðarmarka, sbr. 2. og 3. gr. samkomulags þessa, s.s. malbiks-, steypu- og helluviðgerðir, málun og merkingu götu og gangstétta, viðhald ljósastaura, fegrun og umhirðu á svæðum utan lóða.

Samkomulagið var samþykkt á fundi borgarráðs 2019.

Reykjavík, 2019.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Fyrir hönd Faxaflóahafna sf.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Fylgiskjöl:


Nr. 1 – Yfirlitsmynd Landslags ehf. dags. 06. júní 2019 af frágangi á Bryggjugötu.

Nr. 2. – Teikning Landslags ehf. dags. 06.06 2019 af stíg meðfram Geirsgötu.

Nr. 3 – Teikning, snið A-A.

Nr. 4 – Teikning, snið B-B.

Nr. 5 – Mörk hafnarsvæðis.




BRYGGJUGATA • FORHÖNNUN
 FRÖÐISÓLVÁ
 APRÍL 2014

Skýring	102
Stað	102
Stærð	102
Stað	102
Stærð	102
Stað	102
Stærð	102



- Stærðir
- 102
 - 102
 - 102
 - 102
 - 102



STÍGUR VIÐ GEIRSGÖTU - FORHÖNNUN
06.06.2019



HAFNARBAKKI

LIÖSASTAUR

GÖTUTRÉ

03.76 03.65

1%


03.40 03.88 03.76

3%

03.97

04.50 3%

04.18 2%



HAFNARBAKKI

HELLULÓÐ
SNJÓBRÆDD
GANGSTÉTT

TIMBUR-
VEROND

LODAMÖRK

STALPIL

Yfirborð hafnarbakka endurnýjað
og hæðarlegu breytt

1%

03.80
V

03.40
V

03.62
V

04.15
V

04.16
V



Hafnarvegir 56-60
101 Reykjavík
Sími: 5700000
Faxi: 5700000
WWW.HNIIT.IS


Formid: 19184-01-00 Mörk hafnarvaða.dwg
Formid: GES
Dag: 31.03.2019
Skilfræði: 19184-01-00 Mörk hafnarvaða.dwg
Númer: 250748-699

Samskipti:
Faxaflóahafnir
Mörk hafnarvaða
Gamla höfn
Austurhöfn

Verkefni: 19184 Formid: 01-00 A3
Formid: 19184-01-00
Dag: 31.03.2019

Punktur	Hnitaskrá	
	X	Y
L2-1	357365.718	408655.627
L2-2	357371.880	408656.196
L2-3	357379.662	408558.119
L2-4	357398.353	408539.721
L2-5	357438.214	408537.231
L2-6	357445.686	408553.436

Punktur	Hnitaskrá	
	X	Y
L1-36	356951.367	408537.431
L1-37	357083.035	408463.027
L1-38	357195.706	408585.485
L1-39	357228.945	408603.864



Yfirferð af HNIIT h.f.:
Samþ. f.h. Faxaflóahafna:
Samþ. í byggingaræðingunni Reykjavíkur.